

## Rannsóknarverkefni sérnámslækna í lyflækningum á LSH

Umsjónarlæknir með rannsóknarverkefnum sérnámslækna í lyflækningum er Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, klínískur prófessor. Allir sérnámslæknar skulu koma í viðtal til Helgu Ágústu við upphaf námstíma varðandi val á rannsóknarverkefni óháð því hvort sérnámslæknir er þegar með verkefni eða þarf að fá verkefni.

Sérnámslæknar fá **1 mánuð í launað nám** fyrir rannsóknarverkefnavinnu á **2. ári** námsins og annan á **3ja árinu**. Sækja þarf um þessa mánuði til launaðs rannsóknarleyfis hálfu ári áður en áætlað rannsóknartímabil á að hefjast. Umsóknin er á heimasíðu sérnáms í almennum lyflækningum undir flípanum „Um framhaldsnámið / Rannsóknarvinna“. Umsóknirnar sendist rafrænt til Svanhvítar Ólafsdóttur heilbrigðisgagnafræðings [svanhvol@landspitali.is](mailto:svanhvol@landspitali.is) og fær sendandi tölvupóst um móttöku umsóknar. Helga Ágústa og Einar Stefán Björnsson prófessor í lyflækningum meta hæfi umsóknanna.

Sérnámslæknir gerir rannsóknaráætlun með leiðbeinanda og ábyrgðarmanni rannsóknarinnar og skal sérnámslæknir kynna rannsókn sína á árlegri **Rannsóknarráðstefnu námslækna í lyflækningum** sem haldin er ár hvert í Febrúar. Eftir ráðstefnuna sendir sérnámslæknir „Teaching Observation“ eyðublað í ePortfolio á Helgu Ágústu.

Samantekt á rannsóknarvinnu á að koma fram í ES report fyrir ARCP. Sérnámslæknir hleður upp rannsóknaráætlun og framvindunótur í „personal library“ í ePortfolio. Afrit af rannsóknaráætlun fer til Helgu Ágústu.

*Helga Ágústa Sigurjónsdóttir, dr.med, klínískur prófessor  
Umsjónarlæknir rannsóknarverkefna,  
sérnámslækna í lyflækningum*